

Alþingi  
Erindi nr. P 127/601  
komudagur 13.1.2002

# ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI

The National Spiritual Assembly of the Bahá'ís of Iceland

Öldugötu 2  
Pósthólfí 536 • 121 Reykjavík  
Sími: 567 0344 • Fax: 567 1101  
Netfang: nsa@bahai.is  
Heimasíða: www.bahai.is

Reykjavík 13. janúar, 2002

Allsherjarnefnd Alþingis

## Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á kirkjuskipan ríkisins (þskj. 19 – 19. mál, 127. löggjafarþings)

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á kirkjuskipan ríkisins (þskj. 19 – 19. mál, 127. löggjafarþings). Þjóðarráðið fagnar því að lagarammi trúariðkunar landsmanna sé tekinn til umfjöllunar á Alþingi enda er mikilvægt að standa vörð um ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins um trúfrelsi og tryggja að löggjöf stuðli að því markmiði.

Umrætt frumvarp tekur einungis á einum þætti þessa lagaramma það er tengslum ríkisvaldsins og þjóðkirkjunnar. Þessi tengsl hafa tekið miklum breytingum á nýliðnum árum og hefur sjálfstæði kirkjunnar verið aukið. Það sem hér er lagt til er að nú verði stigið lokaskrefið á þessari braut með fullum lagalegum, stjórnunarlegum og fjárhagslegum aðskilnaði ríkis og kirkju. Slíkur aðskilnaður er í samræmi við þróun í öðrum löndum og er að því er virðist í samræmi við vilja fylgjenda þjóðkirkjunnar.

Þjóðarráðið telur ekki rétt að taka afstöðu til þess hvort nú sé rétti tíminn til þess að stíga til fulls það skref að skilja að ríki og kirkju og telur eðlilegra að það verði skoðað í víðara samhengi og að kannað verði hversu vel núverandi lagarammi um trúariðkun landsmanna fellur að fjölmennningarlegu samfélagi samtímans. Íslensk löggjöf þarf að taka fullt tillit til þess að Íslendingar eru ekki allir meðlimir í þjóðkirkjunni og að margir þeirra leita til eigin trúfélags um mikilvæga þjónustu á lykilstundum í lífinu svo sem við nafngift, hjúskap og greftranir.

Ýmis lög eru við það miðuð að allir þegnar þessa lands tilheyri þjóðkirkjunni. Einnig hefur gætt tilhneigingar til þess að ganga út frá því að trúfélög utan þjóðkirkjunnar svipi til hennar hvað innra skipulag varðar. Þannig er þess krafist í

Postal Address:  
P.O. Box 536  
IS - 121 Reykjavík  
ICELAND

Office Location:  
Öldugötu 2  
101 Reykjavík

Telephone:  
(354) 567-0344

Fax:  
(354) 567-1101

E-mail:  
nsa@bahai.is

Website:  
www.bahai.is

# ANDLEGT ÞJÓÐARRÁÐ BAHÁ'ÍA Á ÍSLANDI

The National Spiritual Assembly of the Bahá'ís of Iceland

Öldugötu 2  
Pósthólfí 536 • 121 Reykjavík  
Sími: 567 0344 • Fax: 567 1101  
Netfang: nsa@bahai.is  
Heimasíða: www.bahai.is

lögum um skráð trúfélög sem samþykkt voru á Alþingi 21. desember 1999 að trúfélög sem æskja skráningar útnefni forstöðumann. Slíkt samræmist ekki innra skipulagi bahá'í samfélagsins eins og þjóðarráðið benti allsherjarnefnd á þegar frumvarpið var til umfjöllunar. Hvað þetta mál varðar sérstaklega skal þó tekið fram að dóms-og kirkjumálaráðuneytið hefur sýnt sérstöðu bahá'í samfélagsins mikinn skilning og fundið tímabundna lausn sem tekur á þessum vanda við framkvæmd laganna.

Að lokum vill þjóðarráðið undirstrika mikilvægi þeirrar samfélagslegu þjónustu sem þjóðkirkjan og önnur trúfélög veita. Mikilvægt er því að vel sé vandað til endurskoðunar á lagalegri umgjörð um þessarar starfsemi svo tryggja megi almannahag til framtíðar. Á sama tíma er mikilvægt að ákvæðum aðalnámskrár um almenna trúfræðslu sé framfylgt. Einnig er mikilvægt að Háskóli Íslands efla rannsókn- og fræðslustarf um trúarbrögð og að sú starfsemi fái sjálfstæði frá þeirri þjónustu sem Háskólinn veitir þjóðkirkjunni við menntun presta kirkjunnar.

Með vinsemd og virðingu

Andlegt þjóðarráð bahá'ía á Íslandi

Postal Address:  
P.O. Box 536  
IS - 121 Reykjavík  
ICELAND

Office Location:  
Öldugötu 2  
101 Reykjavík

Telephone:  
(354) 567-0344

Fax:  
(354) 567-1101

E-mail:  
nsa@bahai.is

Website:  
www.bahai.is

Allsherjarnefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga  
um breytingar á kirkjuskipan ríkisins

Reykjavík 18. desember 2110

*Alþingi*

*Erindi nr. P 127/551*

*komudagur 19.12.2001*

1. gr.

Þetta ákvæði er reyndar tryggt í stjórnarskrá svo og mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og mannréttinasáttmála Evrópu..

2. gr.

Nokkuð ljóst mun vera, að tengsl kristni og ríkisvalds eru flóknari en svo, að fullur aðskilnaður við lagalegan, stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað. Hin menningarlegu tengsl þjóðkirkjunnar og ríkisvaldsins eru hér áhrifamikil, nægir í þessu sambandi að benda á setningu Alþingis ásamt sambandi ríkisfjölmíðlanna og þjóðkirkjunnar m.a útvarpsmessur. á þetta þyrfti að höggva, enda þá hugsanlega brjóta í bága við lög.

3. gr.

Væri nú ekki skynsamlegt að láta einhvern annan en Dóms- og kirkjumálaráðherra skipa nefndina, en honum er falið samkvæmt 4. gr. 1. nr. 78/1997 að gæta hagsmuna þjóðkirkjunnar. Mætti hugsa sér, að það væri forsætisráðherra, sem það gerði. Einnig mætti benda á, að ekki væri úr vegi að í nefndinni væri sérfræðingur í trúmálum annar er guðfræðingur.

4. gr.

Ekki er auðvelt að sjá hvernig kosning þessi ætti að fara fram um leið og sveitastjórnarkosningar, þar sem fleiri hafa kosningarétt til sveitastjórna en til Alþingiskosninga.

5. gr.


Engar athugasemdir.

**Athugasemdir við greinargerð.**

62. gr. stjórnarskrárinnar hljómar svo: Hin Evangeliska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi, og skal ríkisvaldið að því leiti styðja hana og vernda. Orðalagið sem notað er í greinargerð frumvarpsins er rangt og á að vera styðja.

F.h. Ásatrúarfélagsins

Jörmundur Ingi  
allsherjargóði





Allsherjarnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. janúar 2002

Vísað er til bréfs háttvirtrar allsherjarnefndar Alþingis, dags. 27. nóvember sl., vegna frumvarps til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins.

Upplýst, málefnaleg og jákvæð umræða um samband ríkis og kirkju er af hinu góða. Fagna ber þeim áhuga á málefnum kirkju og trúar sem frumvarp þetta ber með sér. Ekki er þó unnt að fallast á framgang máls þessa af ástæðum sem hér eru raktar. Skulu þær helstu tilgreindar hér.

Samband ríkis og kirkju er óskilgreint í frumvarpinu og greinargerð með því. Þetta samband er mjög flókið. Ítarleg talning og skilgreining á gagnkvæmum réttindum og skyldum ríkis og kirkju liggur ekki fyrir, hvort sem um er að ræða hinar lagalegu, stjórnunarlegu eða fjárhagslegu. Nefnd þeirri sem ráðgert er að stýri þessari vinnu virðist ekki ætlað að kanna þessi atriði sérstaklega.

Hugtakanotkun er óljós og nauðsynlegar skilgreiningar vantar í frumvarpið. Hvað er t.d. átt við með fullum aðskilnaði eins og segir í 2. gr. frumvarpsins. Verður þá t.d. öll löggjöf sem varðar kristnihald og trúarlíf landsmanna afnumin t.d. lög um helgidagafrið?

Ekki er minnst á guðfræðileg og söguleg rök þeirrar kirkjuskipanar sem við búum við.

Undanfarin ár hefur markvisst verið unnið að því að auka sjálfstæði þjóðkirkjunnar og gera stjórnunarlegan og fjárhagslegan aðskilnað. Má þar m.a. nefna samning ríkis og kirkju um kirkjueignir og launagreiðslur frá 1998, svo og nýleg lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, sem öðluðust gildi í áföngum frá 1. janúar 1998 og síðar. Þar var um umfangsmikla og flókna kerfisbreytingu að ræða sem enn er unnið að.

Viðræður standa yfir milli ríkis og kirkju um prestssetrin og það sem þeim fylgir. Er um að ræða framhald lagasetningar og samninganna frá 1997 sem að ofan greinir. Samþykkt þessa frumvarps myndi setja þessa vinnu í uppnám.

Mikilvægar grundvallarupplýsingar um staðreyndir vantar til að umræða geti farið fram. Sem dæmi má nefna umfang opinberrar þjónustu sem kirkjan veitir. Þá hljóta menn að þurfa að meta afleiðingar þess, verði frumvarp af þessu tagi að lögum, hvernig fara eigi m.a. með margvísleg lögbundin verkefni sem þjóðkirkjan hefur sinnt, ekki hvað síst á landsbyggðinni. Þar má nefna rekstur kirkjugarða, varðveislu margvíslegra menningarverðmæta, sálgæsluþjónusta af ýmsu tagi o.s.frv. Afleiðingar á menningar- og félagslíf hlýtur að þurfa að meta.




Þá má velta því fyrir sér hvort leggja eigi kirkjumálaráðuneytið niður.

Aðferð sú sem frumvarpið ráðgerir að viðhöfð verði er að fela dóms -og kirkjumálaráðherra að skipa nefnd samkvæmt tilnefningum Hæstaréttar. Það virðist því ekki vera gert ráð fyrir formlegri aðild þjóðkirkjunnar að málinu þótt málið varði hana sérstaklega. Það verður að teljast sérkennilegt.

Því er treyst að Alþingi ljái ekki framgang máli sem er jafn lítið unnið og frumvarp þetta og varðar svo mjög grundvallarþætti laga okkar og siðar.

Virðingarfyllst,

Karl Sigurbjörnsson  
Biskup Íslands



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/546*  
*komudagur 18. 12. 2001*



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Nefndasvið Alþingis  
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Arnarhvoli 150 Reykjavík  
sími: 560 9010 bréfasími: 552 7340  
netfang: postur@dkm.stjr.is  
veffang: <http://www.stjr.is/dkm>

Reykjavík, 17. desember 2001

Tilvísun: DKM01110345/000/BT/--

Vísað er til bréfs yðar dags. 27. nóvember þar sem óskað var umsagnar ráðuneytisins varðandi frumvarp til laga um breytingar á kirkjuskipan ríkisins þar sem settar eru fram tillögur um aðskilnað ríkis og kirkju.

Sjötti kafli stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 með áorðnum breytingum sbr. stjksl. 97/19951995 geymir almennt ákvæði um trúfélög og trúfrelsi, en þar segir í 63. gr. að allir eigi rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins, svo fremi það sé ekki andstætt góðu siðferði og allsherjarreglu. Til viðbótar hinu almenna trúfrelsisákvæði í 63. gr. er að finna ákvæði í 62. gr., þess efnis að hin evanglisk lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja á Íslandi og ríkisvaldið skuli að því leyti styðja hana og vernda. Hér er tekið fram að eitt tiltekið trúfélag hafi aðra stöðu en önnur trúfélög. Ekkert er sagt til um í hverju þessi stuðningur og vernd skuli vera fólgin. Það er eftirlátið löggjafarvaldinu að kveða nánar á um, í hverju sá stuðningur geti verið fólgin, og getur slíkur ýmist byggst á ákvæðum í settum lögum eða í ákvörðunum framkvæmdarvaldsins.

Jafnræðisregluna í 65. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands verður að skoða í ljósi þess að Alþingi er ætlað að styðja og vernda þjóðkirkjuna. samkvæmt fyrrgreindum stjórnarskrárákvæðum. Í þessu felst að heimilt er að tryggja henni annan fjárhagsgrundvöll en öðrum trúfélögum. Hafa ber í huga að ekki er öll mismunun ólögæt þannig að brotið sé gegn 65. gr. stjórnarskrárinnar. Ef málefnaleg og hlutlæg sjónarmið liggja mismunun til grundvallar telst hún ekki brjóta gegn jafnræðisreglunni. Mikill meirihluti landsmanna tilheyrir þjóðkirkjunni og hefur svo verið um mjög langt skeið. Það er skoðun ráðuneytisins að stjórnarskrárbundin vernd ríkisins á þjóðkirkjunni brjóti ekki gegn jafnræðisreglunni en hér sé um að ræða réttlætlanlegan greinarmun sem gerður er á trúfélögum og hvílir á sögulegri og menningarlegri hefð íslensku þjóðarinnar auk þess sem áður er rakið að langflestir landsmenn sem eru í skráðum trúfélögum tilheyra þjóðkirkjunni.

Jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrárinnar er sérstaklega ætla að vernda einstaklinga fyrir ólögumætri mismunun. Vert er að leggja áherslu á að engin mismunun á sér stað gagnvart meðlimum trúfélaga þannig að einstaklingar sem tilheyri þjóðkirkjunni njóti meiri réttinda en aðrir og að þeir sem tilheyra öðrum trúfélögum njóti lakari réttinda. Stjórnarskráin tryggir sjálf að engin slík mismunun skuli eiga sér stað þar sem 1. mgr. 64. gr. kveður á um að engin megi í neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur megi heldur nokkur fyrir þá sök skorast undan almenntri þegnskyldu. Í 2. mgr. 64. gr. er tryggt öllum sé frjálst að standa utan trúfélaga og að enginn skuli skyldaður til að inna af hendi persónuleg gjöld til trúfélags sem hann á ekki aðild að.

Á undanförunum árum hefur orðið mikil breyting á stöðu þjóðkirkjunnar í kjölfar lagasetningar á Alþingi um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og samkomulagi milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997. Með þeim samningi var kveðið á um að kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum, skuli vera eign íslenska ríkisins. Á móti þessari afhendingu skuldbatt ríkið sig til að greiða laun presta og starfsmanna biskupsembættisins, eins og nánar var tilgreint í samningnum. Þá var í 3. gr. samkomulagsins tekið fram að litið væri svo á, að samkomulagið um eignaa afhendingu og skuldbindingu væri fullnaðaruppgjör vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907. Á þeim tíma var litið svo á að laun til presta, sem ríkið hóf þá fyrst að greiða, jafngiltu vaxtagreiðslum af kirkjueignunum. Samkomulagið frá 10. janúar 1997 var því eins konar staðfesting á eldra samkomulaginu. Viðbótarsamningur frá 4. september 1998 fól fyrst og fremst í sér nánari útfærslu á þeim útgjöldum sem tilheyrðu rekstri biskupsembættisins og embættiskostnaði við rækslu prestsembætta. Kirkjan hefur þannig fengið verulega aukið sjálfstæði, einkum fjárhagslegt með aukinni fjárhagslegri ábyrgð í eigin málum, en þó allt innan þeirra lögumæltu marka, sem kveðið er á um í 1. mgr. 2. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Þá má geta þess að kirkjuþing hefur nú fengið vald til að setja starfsreglur um margvísleg kirkjuleg málefni, þar sem áður þurfti að koma til löggjöf frá Alþingi.

Á ýmsum öðrum sviðum er fjallað í löggjöf um málefni þjóðkirkjunnar en ekki annarra trúfélaga. T. a. m. heldur ríkisvaldið uppi kenngslu í guðfræðideild Háskóla Íslands, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 131/1990 um Háskóla Íslands. Sérstök lög eru til, nr. 12/1982, um samstarfsnefnd Alþingis og kirkjunnar. Í lögum nr. 21/1981 er kveðið á um kirkjubyggingasjóð, sem á að veita þjóðkirkjusöfnuðum lán til kirkjubygginga og endurbóta á eldri kirkjum. Á hinn bóginn sér þess einnig stað í löggjöf að öll trúfélög séu lögð að jöfnu. Má þar nefna lög um sóknargjöld o.fl. nr. 91/1987, en samkvæmt þeim skulu þjóðkirkjusöfnuðir, skráð trúfélög samkvæmt lögum um trúfélög nr. 28/1999 og Háskólasjóður ( vegna þeirra sem kjósa að standa utan skráðra trúfélaga eða þjóðkirkjunnar) eiga hlutdeild í tekjuskatti, og fá mánaðarlega greitt sóknargjald fyrir skráða meðlimi á aldrinum 16 ára og eldri. Með þessu er tryggt að ákvæði 2. mgr. 64. gr. stjórnarskrárinnar sem áður er rakið, sé uppfyllt.

Eins og lýst hefur verið hér að framan er á ýmsum sviðum löggjafarinnar gerður munur á þjóðkirkjunni og öðrum trúfélögum. Þessi sérstaða þjóðkirkjunnar á sér

skýra og ótvíræða stoð í 62. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir að ríkisvaldið skuli styðja og vernda þjóðkirkjuna á Íslandi. Segja má að hér sé um nokkra viðurkenningu á því að kirkjan og boðskapur hennar, uppeldi og fræðsla hafi um aldaskeið verið samofin samfélaginu og viðleitninni í að viðhalda einingu menningar og samfélagsins.

Í ljósi þess sem rakið hefur verið hér að framan er það skoðun ráðuneytisins að þær breytingar sem lagðar eru til á kirkjuskipaninni í frumvarpi þessu séu ekki tímabærar.

F. h. r.



Björg Thorarensen



Ingvar Þór Sigurðsson



Alþingi  
Erindi nr. P 127/015  
komudagur 16.1.2002



HÁSKÓLI ÍSLANDS

GUÐFRÆÐIDEILD

Reykjavík, 11. janúar 2002

Allsherjarnefnd Alþingis.

Á deildarfundi í guðfræðideild miðvikudaginn 9. janúar var samþykkt meðfylgjandi svar guðfræðideildar við erindi yðar frá 27. nóvember 2001 þar sem óskað er umsagnar deildarinnar um frumvarp til laga um kirkjuskipan ríkisins, 19. máí, aðskilnaður ríkis og kirkju.

Virðingarfyllst,

Ásdís Guðmundsdóttir,  
skrifstofustjóri guðfræðideildar.



## **Frumvarp til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins Svar guðfræðideildar Háskóla Íslands**

Guðfræðideild Háskóla Íslands hefur að beiðni allsherjarnefndar Alþingis (sbr. bréf nefndarinnar dags. 27. nóvember 2001) fjallað um frumvarp til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins. Meginatriði frv. eins og kemur fram í 1. gr. er að allar kirkjudeildir og trúarsöfnuðir skuli njóta jafnréttis að lögum. Til að því markmiði verði náð er í 2. gr lagt til að aðskilnaður verði milli ríkis og þjóðkirkjunnar og honum verði að fullu náð innan fimm ára frá gildistöku laganna. Í 3.-5. gr. er nánar kveðið á um framkvæmd þessarar breytingar.

Það markmið sem nefnt er í 1. gr. frv. að allar kirkjudeildir og trúfélög skuli njóta jafnréttis að lögum er þegar tryggt í lögum íslenska lýðveldisins. Í stjórnarskránni, mannréttinda-sáttmálum, lögum um trúfélög og víðar er skýrt kveðið á um trúfrelsi. Í 63. gr. stjórnarskrárinnar segir að allir eigi rétt á að stofna trúfélög og iðka trú sína í samræmi við sannfæringu hvers og eins. Í 64. gr. segir að enginn megi neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna og öllum sé frjálst að standa utan trúfélaga. Loks segir í 65. gr. stjórnarskrár að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits m.a. til trúarbragða og skoðana.

Að mati flutningsmanna frv. er sú skipan að ríkisvaldið styður og verndar tiltekna kirkjudeild skv. 62. gr. stjórnarskrár í mótsögn við ofangreind trúfrelsisákvæði stjórnarskrár og þess vegna er frv. flutt. Guðfræðideild telur ekki að svo sé enda hafi trúfrelsisákvæði stjórnarskrár og mannréttindasáttmála í reynd haft meiri þýðingu bæði viðvíkjandi lagasetningu og þjóðfélagslegri breytni á Íslandi en ákvæðin um þjóðkirkju.

Eins og flutningsmenn taka fram í greinargerð er aðskilnaður ríkis og kirkju flókið verk. Guðfræðideild vill í því sambandi áréttta að aðdragandi slíks verks krefst mikillar vinnu af beggja hálfu. Þannig má benda á að samkvæmt greinargerð ætlast flutningsmenn frumvarps til að grundvallarspurningin um hvort aðskilnaður ríkis og kirkju skuli eiga sér stað sé beint til þjóðaratkvæðagreiðslu skv. stjórnarskrá og að unnið verði að

ýmsum útfærsluatriðu, til dæmis fjárhagslegum aðskilnaði, eftirá. Ekki virðist viðunandi að atkvæðagreiðsla fari fram fyrir en allir þættir aðskilnaðarins hafi verið kynntir þjóðinni, m.a. hvernig fjárhagsmálum skuli komið fyrir. Ella er hætt við að óvissan hafi áhrif á atkvæðagreiðsluna þar sem valkostir verði óljósir í hugum margra. Meiri undirbúningsvinna þarf augljóslega að eiga sér stað áður en slík að atkvæðagreiðsla gæti átt sér stað.

Með tilliti til greinargerðar með frumvarpinu vill deildin taka fram að þjóðkirkjan stendur vörð um mannhelgi og mannréttindi, þ.á.m. trúfrelsi. Í þessu sambandi má benda á að fyrirkomulag þjóðkirkju var grundvallað með sömu stjórnarskrá og þeirri sem innleiddi trúfrelsi á Íslandi. Samband þjóðkirkju við aðrar kristnar kirkjudeildir hefur verið gott og samvinna milli þeirra aukist undanfarna áratugi. Benda má á að raddir um aðskilnað ríkis og kirkju koma sjaldnast frá fólki úr öðrum kirkjudeildum.

Bent skal á að á Íslandi er ekki ríkiskirkja. Evangelísk-lúthersk þjóðkirkja er lögum samkvæmt sjálfstætt trúfélag í sérstökum tengslum við ríkisvaldið sem helgast meðal annars af því að ríkisvaldið vill styðja hana og vernda. Í þessu sambandi er menningarlegt og sögulegt gildi kirkjunnar sem stofnunar mikilvægt.



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 127/556*  
*komudagur 20. 12. 2001*

KATÓLSKI BISKUPINN Í REYKJAVÍK

REYKJAVÍK, 18. desember '01

Allsherjarnefnd Alþingis  
Reykjavík

Vér höfum fengið til umsagnar frumvarp til laga um aðskilnað ríkis og kirkju.

Oss er annt um þann katólska trúar- og menningararf sem er rót íslenskrar menningar. Hann varðveitist að sumu leyti innan lútersku kirkjunnar íslensku, hvort sem hún er ríkiskirkja eða ekki.

Aðrar athugasemdir mundu fremur eiga erindi til væntanlegrar nefndar samkvæmt 3. grein frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Jóhannes Gísen  
Reykjavíkurbiskup

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 127/545*  
*komudagur 18. 12. 2001*

## Kirkja Jesú Krists

hinna Síðari daga heilögu  
Íslandsumdæmi

Reykjavík, 17. desember 2001

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 REYKJAVÍK

Varðandi frumvarp til laga um kirkjuskipan ríkisins,  
19. mál, aðskilnaður ríkis og kirkju

Um leið og við þökkum fyrir að fá að leggja fram umsögn varðandi frumvarp þetta leyfum við okkur að vísa til samþykktar Kirkju Jesú Krists h. S. d. h. sem gerð var nokkru eftir stofnun kirkjunnar, nánar tiltekið 17. ágúst 1835, en kirkjan var stofnuð 1830. Samþykkt þessi er enn í fullu gildi varðandi afstöðuna til þjóðmála og ekki sýst sambandið á milli borgaralegs valds og trúarlegs.

Í samþykktinni segir m. a.:

Vér álitum að átrúnaður sé innleiddur af Guði, og að mennirnir séu ábyrgir gagnvart honum, og honum einum, fyrir iðkun hans, nema ef trúarskoðanir þeirra hvetja þá til að ganga á rétt og frelsi annarra. En vér álitum ekki, að mannleg lög hafi rétt til afskipta með því að setja reglur um tilbeiðslu og binda þannig samvisku manna, né fyrirskipa nokkurt ákveðið form á almennri eða einstaklingsbundinni guðrækni. Að opinber yfirvöld skuli halda afbrotum niðri, en aldrei stjórna samvisku manna. Þau skulu refsast, en aldrei hefta frelsi sálarinnar. [K&S 134:4]

Vér álitum, að stjórnendur, ríki og stjórnvöld hafi rétt til, og þeim sé skylt, að setja lög, sem tryggja öllum þegnum vernd og fullt frelsi til trúariðkana. En vér álitum þau ekki hafa rétt til að svipta þegnana þessu frelsi eða afnema skoðanafrelsi þeirra, svo lengi sem lögnum er sýnd virðing og lotning og trúarskoðanir þeirra réttlæta ekki uppreisn eða samsæri. [K&S 134:7]

... Lög manna eru sett í þeim megintilgangi að gæta hagsmuna okkar sem einstaklinga og þjóða og manna á milli, og guðleg lögmál sett á himni setja reglur í andlegum efnum, um trú og tilbeiðslu, og skal skaparannum gjörð skil á hvorum tveggja. [K&S 134:6]

Vér álitum því, að ekki sé rétt að blanda saman trúaráhrifum og borgaralegri stjórn, þar sem einu trúfélaginu sé hyglað og annað rænt andlegum rétti sínum og einstaklingsréttur þegnanna sé virtur að vettugi. [K&S 134:9]

Varðandi vald trúfélaga yfir meðlimum sínum segir í ályktuninni:

Vér álitum, að öll trúfélög hafi rétt til að taka á ósæmilegri hegðun meðlima sinna, í samræmi við lög og reglur hvers félags, þó með því skilyrði, að slík afskipti varði aðeins aðild þeirra og góða stöðu. En vér álitum ekki, að nokkurt trúfélag hafi vald til að leiða menn til yfirheyrslu varðandi eignarrétt þeirra eða líf, eða til að taka frá þeim þessa heims gæði eða á nokkurn hátt ógna lífi þeirra eða limum eða beita þau nokkurri líkamlegri refsingu. Þau geta aðeins vikið þeim úr trúfélaginu og svipt þau aðild. [K&S 134:10]


Það er álit okkar að sú stefna sem fram kemur í þessari 166 ára gömlu samþykkt sé ekki aðeins í fullu gildi varðandi afstöðu okkar safnaðar, heldur sé hún í alla staði heillavænleg íslensku samfélagi og mætti gjarna vera þeim leiðarljós sem hafa það vandasama verk með höndum að setja þjóð vorri lög og reglur.


Fyrir rúnum 100 árum fluttust yfir 400 manns af landi brott til Utah af trúarlegum ástæðum fyrst og fremst. Þau nutu ekki trúfrelsis hér heima.


Með hliðsjón af framangreindu mælum við með samþykkt frumvarpsins um aðskilnað ríkis og kirkju og teljum að aðskilnaðurinn verði kristni og raunar öllu trúarlífi í landinu til heilla.

Við teljum eðlilegt að aðskilnaðurinn hafi nokkurn aðlögunartíma og virðist í frumvarpinu vel fyrir því séð.

Virðingarfyllt,

  
Umdænisforseti

  
Greinarforseti Reykjavíkurgreinar

  
Almannáfulltrúi



KROSSINN

Alþingi  
Erindi nr. P 127/422  
komudagur 10.12.2001

Kópavogur 6.12. 2001.

Aðskilnaður ríkis og kirkju.

Yfirburðastað Þjóðkirkjunnar í skjóli ríkisvaldsins, hefur leitt hana inn á óheillbrautir valdhroka, valdniðslu og mismununar. Þessi staða hefir einnig veikt Þjóðkirkjuna, þannig að hún sinnir ekki kirkjulegum skildum sínum við landslýð en mókir í hægindum sínum og starf hennar virðst hafa það helsta markmið að viðhalda sjálfri sér.


Núverandi skipan er að sjálfsgöðu arfur aldanna, þegar einokun og mismunun var daglegt brauð og valdsherrarnir gerðu það sem þeim best líkaði hverju sinni. Þróun jafnréttismála hefur verið ör og þegar litið er til landanna í kringum okkar þá hafa þau sem betur fer flest horfið frá þeirra skipan að ein kirkjudeild fái yfirburðaaðstöðu í skjóli stærðar sinnar eða umhyggju ríkisvaldsins.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé aðeins tímaspursmál hvenær breytingar verða á þessari skipan hér á landi. Það fækkar mjög í Þjóðkirkjunni og mun sú þróun eflaust halda áfram. Menn verða að hafa í huga að þeir, sem ekki eru í Þjóðkirkjunni og eru því annarsflokks þegnar, eru um þrjátíu þúsund manns. Raddir þeirra munu verða háværi þar sem mismununin er æ sýnilegri.

Þegar ég vísa til þeirra sem annars flokks þegna, sem eru utan Þjóðkirkjunnar má benda á það m.a. að gjöld sem eru innheimt fyrir trúfélögin með sköttunum eru um þrjátíu af hundraði hærri til Þjóðkirkjunnar en annara trúfélaga. Menn hafa barist fyrir leiðréttingu þessara mála, en án árangurs enn sem komið er.

Við sjáum að það gerist æ oftar að markalínur í þjóðfélaginu eru dregnar af Hæstarétti (öryrkjadómurinn, Valdimarsmálið), en ekki og kjörnum fulltrúum á Alþingi eins og vera ber. Ég er hræddur um að ef löggjafinn grípur ekki inn í þetta mál með leiðréttingu á þeim lagagrunni sem trúfélög starfa eftir munu menn leita leiðréttinga með dómi frá Hæstarétti með skírskotun um grófa mismunun þegnanna. Það væri miður.

Meðð vinsemi og virðingu,



Gunnar Þorsteinsson

Nefndasvið Alþingis

20. desember 2001

Frá Prestafélagi Íslands vegna 19. máls, um breytingu á kirkjuskipan ríkisins.

Nýlega barst Prestafélaginu frumvarp til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins. Vegna mikilla anna á aðventu hefur stjórn PÍ ekki gefist ráðrúm til að skrifa greinargerð um þetta frumvarp - en öllum má vera ljóst að hér er um afar stórt mál að ræða. Af skiljanlegum ástæðum verður enginn tími til þess fyrr en á nýju ári og óska ég eftir því að fá að skila inn greinargerð að lokinni jólahátíð.

Hins vegar má segja strax að málefni ríkisins og þjóðkirkjunnar eru í ákveðnum farvegi í samræmi við nýleg lög frá Alþingi um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Og með þeim lögum var í mjög veigamiklum atriðum skilið á milli ríkis og kirkju í stjórnunarlegum þáttum sem og varðandi fjárhagslegt sjálfstæði, þó svo að enn séu formleg tengsl í ákveðnum málum.

Margar athugasemdir má gera við greinargerð frumvarpsins og ljóst er að flutningsmenn hafa ekki haft fyrir því að kynna sér þjónustu þjóðkirkjunnar víða um land sem og hverjir njóta hennar. Þannig gera þeir mikið úr því að núverandi fyrirkomuleg mismuni fólki af erlendum uppruna og af öðrum trúarbrögðum gagnvart þeim er tilheyra þjóðkirkjunni. Hið sanna er að fólk sem tilheyrir öðrum kirkjudeildum eða trúarhópum, hvort heldur það er innlent eða erlent, nýtir sér mjög þjónustu presta þjóðkirkjunnar um land allt, einnig hér í Reykjavík. eru fyrir því ýmsar ástæður eins og ég hefi sjálfur reynt í prestsþjónustu minni hér í Reykjavík sem og úti á landi. Fæstir hinna smærri trúarhópa hafa t.d. nokkra möguleika á því að veita fólki víða um land nokkra þjónustu og því kemur það í hlut þjóðkirkjupresta. í öðrum tilvikum óskar fólk eftir þjónustu þjóðkirkjupresta þó svo að þau hafi kost á þjónustu síns trúfélags, og eru fyrir því ýmsar ástæður. Það er því ljóst að hið þéttriðna net presta þjóðkirkjunnar um land allt tryggir öllum þeim sem búa hér á landi prestsþjónustu, hvort heldur er sálgæsla og ráðgjöf eða þjónusta við ýmsar athafnir, en mismunar ekki.

Stór orð um hvað sé 'sæmandi' og að vissum hópum þjóðfélagsins sé sýnt 'óréttlæti' eru ekki í nokkru samræmi við veruleikann og eru flutningsmönnum frumvarpsins ekki til sóma.

Um þetta frumvarp sem og margt í þessari greinargerð mætti hafa langt



mál, en verður að bíða betri tíma.

Bestu kveðjur

Jón Helgi Þórarinnsson, formaður Prestafélags Íslands.



**SIDMENNT**

félag áhugafólks um borgaralegar athafnir

Alþingi  
Allsherjarnefnd

**EFNI:** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á kirkjuskipan ríkisins.

Sidmennt vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpið:

1. Sidmennt grundvallar starf sitt á jafnræði og virðingu allra þjóðfélagsþegna óháð trúar- eða lífsskoðunum þeirra. Eitt af baráttumálum félagsins hefur verið að auka umræðu um aðskilnað ríkis og kirkju til þess að slíkt geti náðst.

Á vefsíðu Sidmenntar; [www.sidmennt.is](http://www.sidmennt.is), kemur afstaða félagsins skýrt fram en þar stendur:

*Mannréttindi eru helstu baráttumál Sidmenntar og þá ekki síst trúfrelsi. Í því felst m.a. að skilja að ríki og kirkju, sbr. 9. grein stefnuskrár.*

2. Í greinargerð flutningsmanna segir:

*Efnislega felur þetta frumvarp í sér að öllum trúfélögum skuli gert jafnhátt undir höfði...*

Sidmennt er þessu sammála en vill benda á að einnig er stór hluti fólks sem er utan trúfélaga og eru margir þeirra trúlausir með öllu. Réttur þessa fólks er enn minni en annarra sem skráðir eru í trúfélög í dag þar sem túlkun yfirvalda á Íslandi á rétti félagasamtaka til þess að fá greidd sóknargjöld miðast eingöngu við trúfélög.

Sidmennt telur afskipti ríkisvaldsins af trúarlífi almennings í senn óþörf og óviðeigandi. Trú eða lífsskoðun einstaklinga er þeirra einkamál og ríkisvaldinu algerlega óviðkomandi. Eina hlutverk ríkisvaldsins í þeim efnum ætti að vera að tryggja einstaklingnum umhverfi þar sem hann getur iðkað trú eða lífsspeki sína óáreittur. Sidmennt álitur því að ríkisvaldið eigi ekki að sjá um innheimtu gjalda fyrir trúfélög eða önnur frjáls félagasamtök og að eðlilegast sé að innheimtuaðgerðum ríkisvaldsins á „sóknargjöldum“ verði hætt. Þar sem ólíklegt má teljast að fallist verði á slíkt fyrirkomulag í nánustu framtíð leggur félagið fram aðra tillögu til vara: Að þeim sem standa utan trúfélaga verði frjálst að ráðstafa svokölluðum sóknargjöldum sínum eftir eigin sannfæringu, eða að sleppa því að greiða þau.

Í dag er þessu þannig háttað að ríkisvaldið innheimtir frá sérhverjum manni u.þ.b. 6000 krónur á hverju ári sem renna svo til þess trúfélags sem viðkomandi er skráður í. Ef viðkomandi er hins vegar meðlimur í óskráðu trúfélagi eða stendur utan trúfélaga er honum engu að síður gert skylt að greiða þessa upphæð sem síðan rennur óskert til Háskóla Íslands. Hér er því í raun um refsiskatt að ræða þar sem þeir sem kjósa að standa utan trúfélaga eru látnir greiða hærri upphæð til Háskóla Íslands en aðrir. Samtals eru þetta yfir 50 milljónir á ári.

Systurfélög Siðmenntar víðsvegar um heim, t.d. í Noregi og Belgíu, hafa stöðu sem lífsskoðunarfélög (ekki trúfélög) en gjöld skráðra félaga renna til þessara félaga. Siðmennt, sem lífsskoðunarfélag, fær hins vegar ekki „sóknargjöld“ trúleysingja.

3. Siðmennt vill einnig benda á þá umræðu sem skapast hefur undanfarin ár um fjölmenningslegt þjóðfélag þar sem fjöldi þeirra einstaklinga sem flyst hingað til lands aðhyllist annaðhvort aðra trú en kristni eða er trúlaus. Við í Siðmennt verðum mikið vör við slíkt í okkar starfi. Leitað er til okkar með óskir um að veita þjónustu sem ekki er undir merkjum trúar og er þar fremst að telja borgaralega fermingu en einnig hafa aukist fyrirspurnir um aðrar borgaralegar athafnir eins og t.d. greftranir.

Innflytjendur hafa á undanföllum árum verið einn helsti þjargvættur íslensks efnahagslífs á tímum mikillar þenslu. Ef þeirra hefði ekki notið við væri efnahagslífið í vandræðum. Innflytjendur eru hluti af nútíma samfélagi Íslendinga og án þeirra getum við ekki verið. Ber okkur því skylda til að sjá til þess að hagsmuna þeirra sé gætt til jafns við hagsmuni annarra.

4. Í greinargerðu flutningsmanna er bent á þá staðreynd að síðan farið var að kanna viðhorf og vilja Íslendinga til aðskilnaðar ríkis og kirkju hefur í öllum könnunum yfir 60% þátttakenda verið því fylgjandi. Þó svo að skoðanakannanir séu einungis mælistika á tiltekin viðhorf á tilteknum tíma gefur þessi munur þó vísbendingu um vilja landsmanna.

5. Að lokum skal á það bent að fá lýðræðisríki í dag hafa þjóðkirkju á sama hátt og er hér á Íslandi.

**Siðmennt lýsir sig sammála frumvarpinu.**

Reykjavík 12. desember 2001

F.h. Siðmenntar



Hope Knútsson